



Verkefni sem hljóta Kópinn 2015

Forritunavika í Hörðuvallaskóla

Hörðuvallaskóli tók þátt í alþjóðlegu forritunavikunni 8. -12. desember með veglegum hætti á þessu skólaári. Allir 710 nemendur skólans fengu tíma í forritun hjá Elínborgu Siggeirsdóttur forstöðumanni upplýsingavers skólans þessa viku. Unnið var með forritunarverkefni á íslensku af vef [Hour of Code](#) sem er bakhjarl forritunavikunnar.

Markmið með þessu verkefni var að veita nemendum innsýn í forritun, virkja nemendur í sköpun, gagnrýnni hugsun og virkri jákvæðri þátttöku á netinu.

Margir stigu sín fyrstu skref í forritun þessa viku, fengu áhuga á forritun og héldu áfram heima eða með sínum umsjónarkennara.

Höfundur verkefnis: Elínborg Siggeirsdóttir.

Rökstuðningur: Nemendur lærðu ný vinnubrögð sem stuðla að framþróun og nýbreyttni. Allir nemendur í skólanum fengu kennsluna og voru virkjaðir. Verkefnið hafði þau áhrif að hópar kennara héldu áfram að nýta sér nýja tækni í kennslu.

Útileikhús – Kópavogsskóla

Í þrjú ár hefur verið útileikisýning þar sem markvist er unnið að undirbúningi sýninganna frá áramótum og menntaður leikstjóri stýrir verkinu í náinni samvinnu við umsjónarkennara og list- og verkgreinakennara. Sviðsmynd, leikmunir og fatnaður er allt útbúið í skólanum og tónlistin æfð undir stjórn tónmenntakennara. Allir nemendur fá hlutverk í sýningunni þar sem reynir á samstarf og samvinnu í öllum undirbúningi. Nemendur í stuttmyndagerðarvali tóku upp sýninguna sem sýnd var vorið 2014 og þar voru nýttar tvær upptökuvélar auk búnaðar til að taka upp hljóð

Verkefnið sameinar mjög marga þætti í skólastarfi. Það reynir á samvinnu og samstarf, sköpun, framsögn, þjálfun fínhreyfinga og verkunnáttu svo eitthvað sé nefnt. Reynslan af verkefnum sl. tveggja ára er að nemendur geta verið mjög samstíga í verkefni sem þessu og spenntir fyrir að koma fram og sýna afrakstur vinnu sinnar.

Höfundar verkefnis eru Eggert Kaaber leikstjóri, Þórunn Arnardóttir og Guðlaug Hartmannsdóttir umsjónarkennarar 5. bekkjar. Að auki koma list- og verkgreinakennarar að verkinu ásamt tónmenntakennara

Rökstuðningur: Virkjar heilan árgang nemenda og stuðlar að samvinnu og samþættingu. Verkefnið fer skrefi lengra en önnur sambærileg verkefni með stuttmyndagerð og stuðlar þannig að þróun í vinnubrögðum og meiri fjölbreyttni.

Betri samskipti, betri líðan, betri árangur - Kársnesskóli

Unnið var með samskipti og líðan nemenda í kynjaskiptum hópum með árgang fæddan 1999 með því markmiði að:

- Bæta líðan nemenda
- Hrista hópinn saman – búa til einn sterkan árgang
- Auka fjölbreytileika
- Stöðva óæskilega samskiptahegðun
- Koma betur til móts við þarfir hvers og eins með því að hafa breytilega hópa eftir fögum
- Mikil hópvinna í íslensku og stærðfræði sem er í takt við nýja aðalanámskrá

Samvinna var mikil við foreldra, lagðar voru fyrir kannanir um líðan og viðhorf nemenda í upphafi verkefnisins, um miðbik þess og í lokin. Einnig gerðar tengslakannanir og námsárangur nemenda skoðaður

Árangur verkefnis var mældur og sýndi að:

- Hópurinn lítur á sig sem einn bekk.
- Samstaðan í bekknum er góð
- Vinnufriður er góður
- Enginn vill fara aftur í gamla formið
- Árangur Kársnesskóla í samræmdum könnunarprófum sá besti í langan tíma.
- Aðrir kennarar horfa til þessa verkefnis og áhugi á sveigjanlegri hópaskiptingum hefur aukist innan kennarahópsins.

Höfundar verkefnis: Lilja Björk Heiðarsdóttir og Rannvegi Jónsdóttir með stuðningi námsráðgjafa Ásthildi G. Guðlaugsdóttur og Þuríðar Óttarsdóttur aðstoðarskólaljóra

Rökstuðningur : Verkefnið tekur á vandamáli í skólastarfi á uppbyggjandi hátt og sýnir að skólinn axlar ábyrgð á líðan nemenda. Það er mælanlegt og sýnir að það hefur skilað árangri til fjölda nemenda.

Frá haga til maga – garðurinn og umhverfið, sem hluti af skólastarfi Waldorfskólans Lækjarbotnum

Frá haga til maga er verkefni í lífrænni ræktun og nýtingu náttúrunnar í nærumhverfi. Almenn uppbygging og umhirða matjurtagarða og gróðurhúss, sáning, uppskera, matreiðsla og moltugerð.

Nemendur kynnast frá upphafi skólagöngu sinnar ferli ræktunar. Sáning, vöxtur, uppskera, matreiðsla og moltugerð er sú hringrás sem hver nemandi tekur þátt og skynjar sem eina heild. Unnið er eftir því að hvert bekkjarstig fylgi eftir ákveðnum þáttum. Þannig er stigvaxandi ábyrgð og þekking lögð í heildarferlið frá 1.-10. bekkjar.

Verkefnið reynir á samþættingu námsgreina og gerir skólastarfið líflegra og markvissara. Hægt er að tengja það sem kennt er í skólastofunni beint í verklega þekkingu (útikennsla). Fög sem fléttast hér saman eru t.d. náttúrufræði, efnafræði, umhverfismennt og umhverfisvitund, sjálfbærni, heimilisfræði, lífsleikni, samfélagsfræði, myndlist, stærðfræði, íþróttir, útivist og handavinna.

Í gegnum verkefnið finna nemendur að þeirra framlag til ræktunar matvæla skiptir máli. Það hefur jákvæð áhrif á sjálfsmynd og ábyrgðartilfinningu þeirra. Garðrækt er í raun ekki svo ólík mannrækt.

Höfundar verkefnis: Starfsmannaráð Waldorfskólans

Rökstuðningur: Verkefnið stuðlar að fjölbreyttum vinnuaðferðum og tengir saman verklegt og bóklegt nám. Það reynir á samþættingu og samvinnu bæði kennara og nemenda. Verkefnið stuðlar að uppeldi nemenda sem hefur áhrif á heilbrigðan lífsstíl og sjálfbæra þróun.

Snjallsímanotkun nemenda í dönskunámi í Kópavogsskóla

Nemendur læra námsefni í gegnum leik og nota nýja tækni. Nemendur vinna inn á Quizlet.com Þar hefur Hildur útbúið ýmis verkefni og glósur úr því námsefni sem þau eru að vinna í. Þar geta nemendur meðal annars leyst verkefni í formi tölvuleikja þar sem þeir eru að keppa sín á milli eða við klukkuna.

Nemendur eru ánægir með að fara í dönskutíma og hafa gaman af því efni sem verið er að fara í hverju sinni.

Höfundar verkefnis: Hildur Ásta Viggósdóttir

Rökstuðningur: Nemendur lærðu ný vinnubrögð sem stuðla að framþróun og nýbreytni. Verkefnið stuðlar að nýtingu tækni í skólastarfi. Það vekur áhuga á námsgreininni og nemendur tileinka sér hana.